

Fyrirspurn 11/2024
Fyrirspyrjandi Norræna sjálfbærnefndin
Viðtakendur Ríkisstjórnir Norðurlanda

E 11/2024 Skriflegar fyrirspurnir um jarðefnaauðlindir

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Til að flýta fyrir umskiptum úr jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orkugjafa er lykilatriði að ráðamenn hafi aðgang að nákvæmum upplýsingum um bæði aðgang að, vinnslu og fyrirhugaða vinnslu jarðefnaeldsneytis bæði á Norðurlöndum og á heimsvísu. Hins vegar er í dag ekki gefið að hreinskiptni og gagnsæi ríki um auðlindir jarðefnaeldsneytis.

Ýmsar alþjóðlegar aðgerðir eru í gangi til að vekja athygli á þessum vanda. Umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) gefur reglulega út skýrsluna „Production Gap Report“ sem lýsir því að hve mikla vinnslu jarðefnaeldsneytis ríkisstjórnir heimsins hafa áform um miðað við það sem rúmast innan 1,5 gráðu markmiðs Parísarsamningsins. Samtímis vinnur UNEP að nýju alþjóðlegu verkefni, The Global Registry of Fossil Fuels, sem gefur upplýsingar um stöðu jarðefnaeldsneytis-auðlinda í hverju landi fyrir sig, fyrst og fremst að því er varðar áætlaðar birgðir og framleiðslumagn.

Þar sem hreinskiptni og gagnsæi hafa lengi verið hluti af hinum norrænu kjarnagildum er eðlilegt að norrænu löndin haldi þeim á lofti í mun ríkari mæli í loftlagsstarfinu. Það má gera á tvennan hátt. Í fyrsta lagi gætu Norðurlönd aukið gagnsæi um auðlindir jarðefnaeldsneyti í löndunum og (fyrirhugaða) vinnslu þeirra. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að stuðla að samstarfi milli norrænna rannsóknarstofnana og alþjóðlegra aðila til að þróa aðferðir til að reikna umhverfis- og loftlagsáhrif norrænna auðlinda jarðefnaeldsneytis.

Í öðru lagi gætu Norðurlönd tekið virkari þátt í alþjóðlegum verkefnum og samningum sem stuðla að því að samræma skráningu jarðefnaeldsneytisauðlinda og (fyrirhugaða) vinnslu þeirra og auka gagnsæi á alþjóðavettvangi. Norðurlönd geta tekið mun virkari þátt í því að móta alþjóðleg viðmið og viðmiðunarreglur sem geta til dæmis stuðlað að því að lönd dragi ekki úr upplýsingum sem þau gefa upp um skaðleg loftlagsáhrif.



Í ljósi þessa er eftirfarandi spurningum beint til ríkisstjórna Norðurlanda:

- Munu ríkisstjórnir Norðurlandanna skýra hvernig skrá jarðefnaauðlindir og nýtingu þeirra?
- Munu ríkisstjórna Norðurlandanna skýra hvernig unnið er að því að fá rétta mynd af skaðlegum loftlagsáhrifum við nýtingu jarðefnaauðlinda?
- Hvernig vinna norrænu löndin að því á alþjóðavettvangi að auka gagnsæi og þekkingu um jarðefnaauðlindir?

Norðurlöndum, 26. febrúar 2024

Angelika Bengtsson (SD)

Anna Falkenberg (V)

Åsa Karlsson (S)

Doris J. Jensen (S)

Emma Berginger (MP)

Heikki Autto (saml)

Himanshu Gulati (FrP)

Johan Andersson (S)

Krista Mikkonen (gröna)

Lene Westergaard-Halle (H)

Malte Larsen (S)

Mariane Paviasen (IA)

Marianne Bigum (SF)

Ola Elvestuen (V)

Sascha Faxe (ALT)

Staffan Eklöf (SD)

Teitur Björn Einarsson (Sj.)

Tove Elise Madland (A)